

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. **P** 128, 770
komudagur 13.1.2003

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Hildur Njarðvík nefndaritari
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

13. janúar 2003

Tilvísun: 2002120028

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum, þskj. 429, 377. mál.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar til Fjármálaeftirlitsins, dags. 11.12. 2002, þar sem óskað er umsagnar um nefnt frumvarp.

Líkt og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins eru lagðar til breytingar á tilteknum ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994, sem fjalla um gjaldþol váttryggingafélaga og opinbert eftirlit með því. Tilefni þeirra breytinga sem hér um ræðir er að lögfesta tilskipanir Evrópusambandsins um þetta efni.

Þess má geta að viðskiptaráðherra skipaði nefnd á árinu 2002 sem vann við undirbúning frumvarpsins. Fjármálaeftirlitið átti fulltrúa í nefndinni.

Fjármálaeftirlitið telur að frumvarpið gefi ekki tilefni til athugasemda, en eftirfarandi ábendingar skal getið vegna misskilnings sem fram kemur í athugasemdum frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitið telur að misskilnings gæti í umfjöllun athugasemda frumvarpsins við 2. gr. Í skýringum við 2. gr. segir í 5. línu bls. 11: "Kveðið verði á um að nota skuli þá fjárhæð sem hærrí er af iðgjöldum ársins og bókfærðum iðgjöldum til þess að reikna lágmarksgjaldþol. Breyting þessi verður til þess að lágmarksgjaldþol váttryggingafélags með vaxandi umsvif getur orðið hærra en eftir eldri reglum, en þá eru bókfærð iðgjöld hærrí en iðgjöld ársins, vegna þess að iðgjöld eru greidd fyrir fram."

Framanrituð umfjöllun er orðuð þannig að breytingin hafi áhrif ef miðað er við bókfærð iðgjöld. Í núgildandi lögum er miðað við bókfærð iðgjöld, framanrituð umfjöllun út frá bókfærðum iðgjöldum er því ekki rétt.


Fjármálaeftirlitið telur að frumvarpið muni hafa í för með sér að lágmarksgjaldþol váttryggingafélags með minnkandi umsvif (en ekki vaxandi umsvif) geti orðið hærra en eftir eldri reglum, en þá eru iðgjöld ársins hærrí en bókfærð iðgjöld, vegna þess að váttryggingatakar sem ekki endurnýja váttryggingar eru fleiri en nýir.

Til upplýsingar skal þess getið að með bókfærðum iðgjöldum er átt við þau iðgjöld sem greidd eru til váttryggingafélagsins á viðkomandi ári. Venjulega eru iðgjöld greidd fyrir eitt tímabil í senn sem samsvarar einu ári. Þegar váttryggingatímabilið er ekki almanaksárið verður hluti iðgjaldanna greiddur fram í tímann fyrir næsta reikningsár. Fyrir þessum mismun er leiðrétt með iðgjaldaskuldinni. Iðgjöld ársins svara þannig til þeirra iðgjalda sem tilheyra viðkomandi reikningsári. Vegna nýrra váttryggingataka eru bókfærð iðgjöld því hærrí en iðgjöld ársins, en vegna þeirra sem hætta á árinu eru iðgjöld ársins hærrí.


Með hliðsjón af framanrituðu hefur Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir fram að færa vegna frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Rúnar Guðmundsson